

B. Tóbak:	kr
1. Reyktóbak	150,00 pr. tylft eða lb.
2. Vindlingar	190,00 pr. 200 stk.
3. Smávindlar	25,00 pr. 10 stk.
Meðalstærð	100,00 pr. 25 stk.
Vindlar, aðrir	135,00 pr. 25 stk.

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Nú er framvísað meira magni en um getur í 1. mgr. og getur viðkomandi töllyfirvald þá heimilað innflutning gegn greiðslu einkasölugjalds ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi en ella gert varninginn upptækan til ríkissjóðs.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 5. mgr. 76. gr. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tolleftrilít með áorðnum breytingum til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 2. september 1982.

F. h. r.

Björn Hafsteinsson.

Ingólfur Friðjónsson.

AUGLÝSING

um breyting á samþykkt um stjórn bæjarmálefna Seltjarnarnesskaupstaðar

nr. 254 19. ágúst 1974.

1. gr.

3. málsgrein 6. gr. falli niður.

2. gr.

9. gr. hljóði svo:

Á skrifstofum bæjarins skal auglýsa fundi bæjarstjórnar með a. m. k. 24 stunda fyrirvara og greina þar dagskrá fundar.

3. gr.

3. málsgrein 19. gr. hljóði svo:

Sá, sem hefur verið forseti bæjarstjórnar, eða setið í nefnd, getur þó skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

4. gr.

5. tl. A. liðar 24. gr. hljóði svo:

Fimm menn í byggingarnefnd, þar af þrjú innan bæjarstjórnar og tvo utan bæjarstjórnar og fimm varamenn á sama hátt.

5. gr.

8. tl. A. liður 24. gr. hljóði svo:

Þrjú menn í fulltrúaráð Samtaka sveitarfélaga í Reykjanesumdæmi og þrjú til vara.

6. gr.

B. liður 24. gr. hljóði svo:

Til fjögurra ára á fyrsta fundi eftir bæjarstjórnarkosningar:

1. Bæjarstjórn fer með störf framtalsnefndar.
2. Fjóra menn í stjórn Sjúkrasamlags Seltjarnarness og fjóra til vara. Auk þess skipar ráðherra til viðbótar formann og varaformann stjórnarinnar.
3. Sjö menn í félagsmálaráð og sjö til vara. Bæjarstjórn kýs formann ráðsins.
4. Sjö menn í tómstundaráð og sjö til vara. Bæjarstjórn kýs formann ráðsins.
5. Fimm menn í skólanefnd og fimm til vara.
6. Þrjú menn í heilbrigðisnefnd og þrjú til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar.
7. Þrjú menn í bókasafnsstjórn og þrjú til vara.
8. Þrjú menn í skipulagsnefnd og þrjú til vara.
9. Þrjú menn í fegrunar- og náttúruverndarnefnd og þrjú til vara. Bæjarstjórn kýs formann nefndarinnar.
10. Einn forðagæslumann.
11. Einn millimatsmann.
12. Sjö menn í stjórn Eigendafélags Félagsheimilis Seltjarnarness og sjö til vara. Auk þess eiga sæti í stjórninni fulltrúar tilnefndir af aðildarfélögnum.
13. Þrjú menn í stjórn Lista- og menningarsjóðs.
14. Þrjú menn í fjárhags- og launamálanefnd og þrjú til vara.
15. Einn mann í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara.
16. Þrjú fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og þrjú til vara.
17. Þrjú menn í stjórn Hitaveitu Seltjarnarness og þrjú til vara.
18. Þrjú menn í stjórn Vatnsveitu Seltjarnarness og þrjú til vara.
19. Einn brunabótarvirðingarmann.
20. Einn mann í Bláfjallanefnd og einn til vara.
21. Einn mann í stjórn Reykjanesfólkvangs.
22. Þrjú menn í stjórn verkamannabústaða og þrjú til vara.
23. Tvo menn í stjórn Heilsugæslustöðvar Seltjarnarness og tvo til vara.

7. gr.

3. málsgrein 31. gr. falli niður.

Félagsmálaráðuneytið, 31. ágúst 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.